

Skýrsla stjórnarformanns 2010

FUNDIR STJÓRNAR – STJÓRNARSTÖRF

Stjórn SAM hélt 9 bókaða fundi, auk aðalfundarins sem haldinn var 13. mars 2009.

Á öllum fundum stjórnar var farið yfir stöðuna í mjólkurframleiðslu og sölu mjólkur og mjólkurvara, ennfremur birgðahald og það metið. Auk þessara mála voru ýmsir aðrir málaflokkar til umræðu á fundum stjórnarinnar.

Má þar nefna sérstaklega verðlagsmál, skipulag mjólkuriðnaðarins, Rannsóknarstofu SAM, mjólkureftirlit og neyðarþjónustu, frumvarp til breytinga á búvörulögum, umfram mjólk og útflutning. ESB aðildarumsókn og nefnd sem skipuð var í sambandi við hana.

Nokkrar breytingar á stjórn SAM urðu á síðasta aðalfundi.

Magnús H. Sigurðsson hætti og Magnús Ólafsson tók við af honum sem formaður SAM. Nýr varaformaður var kjörinn, Rögnvaldur Ólafsson. Þá hurfu úr stjórn sem aðalmenn, þeir Þórólfur Sveinsson, Guðmundur Geir Gunnarsson og Sigurður Rúnar Friðjónsson. Nýir í stjórn í þeirra stað komu Sigurður Loftsson, Erlingur Teitsson og Jón Axel Pétursson.

FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKURVARA 2009

Mjólkurframleiðslan dróst lítillega saman á árinu 2009. Innvigtun nam 125,6 milljónum lítra, en framleiðslan 2008 nam 126 milljónum lítra, sem er samdráttur uppá 0,38% milli árana 2008 og 2009.

Greiðslumark ársins 2008/2009 var 119 milljónir lítra.

Ákveðið var að breyta verðlagstímabilinu þannig að í framtíðinni væri það miðað við almanaksárið. Af þessu leiðir, að yfirstandandi verðlagstímabil er 16 mánuðir. Greiðslumark þessa tímabils var ákveðið 155 millj. lítra, sem svarar til 116,2 millj. lítra á 12 mán. tímabili. Það er stjórn SAM, sem gerir rökstudda tillögu til framkvæmdanefndar búvörusamninga um greiðslumark hverju sinni. Á síðasta verðlagsári voru greiddar 40 kr/ltr. fyrir umfram mjólk. Ekki hefur enn verið gefið út hvað greitt verður fyrir umfram mjólk á yfirstandandi verðlagstímabili.

Miklar verðsveiflur hafa verið á erlendum mörkuðum síðustu ár. Verð á undanrennudufti og smjöri hækkaði mjög mikið á seinni hluta ársins 2007, en hefur lækkað aftur.

Sala mjólkurvara á árinu 2009 var mjög góð. Segja má að miðað við ástandið í efnahagsmálum hafi sala á mjólkurvörum verið meiri en vænta mátti.

Þegar sölutölur eru skoðaðar kemur í ljós að tilfærsla er milli tegunda. Salan færir frá dýrari vörum yfir í ódýrari.

Umreiknuð sala á próteingrunni nam 117,7 milljónum lítra, sem er 0,47% aukning frá fyrra ári. Umreiknuð sala á fitugrunni var 115,6 milljón lítrar sem er aukning um 2,92% á árinu 2009.

Umreiknuð birgðastaða í árslok 2009 nam 20 milljónum lítra á próteingrunni, sem er smáaukning frá árinu 2008.

Útflutningur á próteinhluta dróst verulega saman á árinu 2009 og nam 7,8 milljón lítrum í stað 11,7 millj. ltr. 2008. Útflutningur á fituhlutanum nam 12,7 millj. ltr., sem er verulegur samdráttur frá árinu 2008.

Verulegur samdráttur varð í innflutningi á mjólkurvörum eða 22,4% á próteingrunni. Helgast þetta af minnkun á innflutningi á ostum.

VERÐLAGSMÁL MJÓLKUR

Skv. ákvæðum búvörulaga, nr. 99/1993, skipar stjórn SAM tvo fulltrúa í Verðlagsnefnd búvöru. Báðir fulltrúar SAM fara með atkvæðisrétt við ákvörðun nefndarinnar um breytingar á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur, en einungis annar fulltrúi SAM í nefndinni fer með atkvæði við ákvörðun um lágmarksverð mjólkur til framleiðenda. Frekari grein er gerð fyrir störfum, aðstæðum og ákvörðunum verðlagsnefndar á árinu 2008, síðar í skýrslu þessari.

Verkefni nefndarinnar var eins og oft áður erfitt, ein verðlagning fór fram. Aðeins var gerð breyting á vinnslu- og dreifingarkostnaði. Ennfremur voru leiðréttar skekkjur sem orðið hafa í verðlagningunni síðustu árin.

MARKAÐSNEFND MJÓLKURIÐNAÐARINS

Markaðsnefnd mjólkuriðnaðarins hélt 2 bókaða fundi árið 2009. Síðast var skipað í nefndina í febrúar 2009 og var skipunartími hennar til eins árs. Eftirtaldir eru fulltrúar í nefndinni:

Magnús Ólafsson, formaður nefndarinnar
Baldur Jónsson
Baldur Helgi Benjamínsson
Björn S. Gunnarsson

Einnig hefur Jón K. Baldursson starfað með nefndinni og ritað fundargerðir hennar.

Fundir nefndarinnar hafa sérstaklega verið nýttir sem upplýsingavettvangur. Í umsjón nefndarinnar síðustu misseri, hafa verið samningsbundin verkefni sem varða Beinvernd, Klúbb matreiðslumanna og ÍKFÍ. Þar hefur Beinvernd verið hvað fyrirferðarmest enda framlög til hennar bróðurparturinn af því fjármagni sem nefndin hefur haft til umráða.

Árið 2009 voru gerðir nýir samstarfssamningar við:

- Beinvernd, gildir til 30. apríl 2011 (framlög í tvö ár).
- Klúbb Matreiðslumanna, gildir til 31.12.2010.
- Íþróttakennarafélag Íslands, gildir til 13. maí 2010.

Samstarf við þessa aðila hefur staðið til fjölda ára og hefur það reynst aðilum mjög vel. Nefndin hefur einkum haft samstarf við stofnanir og samtök sem eiga hægara um vik að þiggja styrki frá samnefnara mjólkuriðnaðarins, fremur en einu markaðsfyrirtæki mjólkuriðnaðarins. Ennfremur ríkir það sjónarmið að mikilvægt er að hafa slíkan vettvang til að:

- hafa samstarf við sérfræðinga og aðra skoðanamyndandi hópa,
- vinna gagnvart opinberum aðilum og öðrum ákvörðunaraðilum sem áhrif hafa á stöðu mjólkurvara að því er varðar lög og reglur,
- hafa samskipti við Lýðheilsustöð um framsetningu kynningarefnis er varðar hollustu og næringargildi mjólkurvara,

- koma á framfæri mikilvægum upplýsingum um mjólkurvörur og gangvart heilbrigðisstéttum, fjölmiðlum og yfirvöldum,
- hvetja til svara gangvart mýtum og rangfærslum um mjólk og mjólkurvörur og loks stuðla að aukinni neyslu á mjólk og mjólkurvörum.

Nefndin hefur einnig fylgst náið með framgangi þeirra verkefna sem fóru frá henni árið 2007 yfir til MS.

SAMSTARFSNEFND BÍ OG SAM.

Engar breytingar hafa verið gerðar á búvörulögum úr 99/1993, vegna Verðmiðlunarsjóðs mjólkur. Samstarfsnefndin hélt engan fund á árinu 2009.

Fundur var haldinn í nefndinni 26. feb. 2010, var þar gengið frá mjólkuruppgjöri vegna verðlagsársins 2008/2009.

HAGRÆÐING OG BREYTINGAR Í MJÓLKURIÐNAÐI

Þær hagræðinaraðgerðir sem skipulagðar voru 2006 og hófust formlega með stofnun Mjólkur-samsölnunnar ehf, 1. janúar 2007 eru að byrja að rétta við afkomu mjólkuriðnaðarins. Ljóst var í upphafi að þetta mundi taka nokkurn tíma. Ástandið í samfélaginu hefur seinkað því að árangur sýndi sig. Ljóst er að á árinu 2009 batnar afkoman.

Inni í það spila m.a. lokun mjólkursamlagsins á Blönduósi 31. des. 2008.

Rekstur Rannsóknarstofu SAM og Framleiðendapjónusta SAM gekk vel á árinu 2009 og samkvæmt þeim áætlunum sem gerðar voru. Nánar er greint frá Framleiðendapjónustu SAM og Rannsóknarstofu SAM á öðrum stað í ársskýrslunni.

STARFSEMI OG HLUTVERK SAM

Hvert er hlutverk SAM og hvernig eru samtökin til komin.

Á sínum tíma voru samtökin stofnuð samkvæmt ákvæðum búvörulaga.

Með þeim miklu breytingum sem átt hafa sér stað á undanförunum áratugum hafa viðfangsefnin breyst.

Áður voru lögaðilar margir, en eru nú þrír, eftir að Mjólka ehf gekk í SAM í ársbyrjun 2010.

Stjórn samtakanna hefur ítrekað á liðnu ári rætt um verkefni og hlutverk SAM.

Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu, þá munu samtökin reka áfram Rannsóknarstofu og Framleiðendapjónustu SAM, það eru ákveðnar ástæður fyrir því.

Á liðnu ári ákvað stjórn SAM að taka þátt í undirbúningi að aðildarviðræðum um ESB. Er þetta gert í samstarfi við Landssamband kúabænda. Stofnaður var vinnuhópur til að sinna þessu verkefni og var Þórólfur Sveinsson ráðinn verkefnisstjóri.

Við skipun í Landbúnaðarnefnd ESB undirbúnings, fengu bæði LK og SAM fulltrúa í þá nefnd. Fulltrúi LK var skipaður af BÍ og fulltrúi SAM var skipaður af Samtökum atvinnulífsins. Töluverð vinna hefur farið fram varðandi Evrópumálin og mun gera það áfram.

Stjórn SAM réð síðan Guðna Ágústsson í starf framkvæmdastjóra frá og með 1. febrúar 2010.

Allt þetta lítur að einu þ.e. að styrkja hagsmunagæslu mjólkurframleiðslunnar í landinu.

Hagsmunagæslan á að vera í höndum samtaka eins og SAM og hún á að vera öflug ekki veitir af í næstu framtíð.

Að lokum vil ég þakka stjórn og starfsmönnum SAM mjög gott samstarf. Ennfremur fulltrúum Bændasamtakanna og LK, fulltrúum Landbúnaðarráðuneytis og öllum þeim aðilum í íslenskum mjólkuriðnaði sem komið hafa að málefnum SAM á árinu 2009.

Nýjan félagsaðila í SAM býð ég velkomin. Nýjan framkvæmdastjóra Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði Guðna Ágústsson, býð ég sérstaklega velkominn til starfa.

Reykjavík í mars 2010

Magnús Ólafsson
stjórnarformaður.